

Fundargerð. Stjórnarfundur nr. 87.

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn í Ráðhúsinu á Sauðárkróki 21. janúar árið 2018, kl 17:00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson og Jón Sigurðsson.

Dagskrá

- Sorptroðarinn
- Kaup á gröfu.
- Önnur mál.

1. Sorptroðarinn.

Sorptroðarinn sem búið er að festa kaup á er væntanlegur í Stekkjarvík um mánaðarmótin janúar/febrúar sem er örlítið seinna en áætlað var sem kemur þó ekki að sök. Annað er samkvæmt áætlun. Rætt um að halda fund þegar hann kemur og bjóða þá fulltrúum sveitarfélaganna og helstu viðskiptaaðilum að koma og skoða ef tími verður til.

2. Kaup á gröfu.

Fyrir liggur að þörf er á að endurnýja núverandi beltagröfu sem félagið á og notar við urðunina. Samþykkt að stefna á að kaupa notaða vél, en sú forvinna sem farið hefur fram bendir til að hagkvæmast sé að flytja hana inn og þá helst frá Bretlandi. Jóni Sigurðssyni og Fannari falið að vinna að málinu og kanna betur hvaða kostir séu í stöðunni.

3. Önnur mál.

Fyrir liggur beiðni um 300.000 króna styrk til gerðar rannsóknaverkefnis á gróðurhúsalofttegundum frá íslenskum urðunarstöðum. Verkefnið er meðal annars unnið í samvinnu Eflu verkfræðistofu og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Erindi samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:00

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Jón Sigurðsson